NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

# Matsblað (2024)

Undir matsliðum má finna viðbótarspurningar/umræðupunkta sem hafa vægi í mati en eru hugsaðar fyrir umsækjendur og fagráðsmenn til umhugsunar Mest er hægt að fá 100 stig sem jafngilda 100%.

## Nýsköpunargildi (25%)

| Ófullnægjandi | Viðunandi | Gott | | Framúrskarandi | |
|---|---|---|---|---|---|
| Nýsköpunargildi ekki til staðar | Verkefnið bætir óveruleg við núverandi þekkingu á viðkomandi sviði | Verkefnið leggur til nýstárlega sýn á viðfangsefnið | Verkefnið hefur mögulegt nýnæmisgildi, niðurstöður eru yfir færanlegar | Verkefnið hefur nýnæmi og eflandi gildi fyrir umræður og framgang sviðsins. Verkefnið hefur áhrif á nærumhverfi á nýjan máta | Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar og hefur mikið gildi (grunnur að framförum á viðkomandi sviði) |

- Nálgun gagna er mjög frumleg
- Gögn hafa ekki verið skoðuð í þessu samhengi áður
- Verið er að skapa nýja þekkingu

## Hagnýting (25%)

| Ófullnægjandi | Viðunandi | Gott | | Framúrskarandi | |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagnýting ekki til staðar | Markmið vegna hagnýtingar á niðurstöðum verkefnisins er óljós | Hagnýting til staðar og nýtist í nánasta umhverfi | Umsókn hefur skýr markmið um hagnýtingu og niðurstöður þar sem hagnýting nær út fyrir nánasta umhverfi | Hagnýting til staðar og gæti nýst víða og til lengri tíma | Markmið vegna hagnýtingar á niðurstöðum verkefnisins eru skýr og hagnýtingar-möguleikar miklir t.d. með fyrirlestri á ráðstefnu eða ritrýndri grein |

- Um er að ræða þekkingu sem leiðir til annars verklags hjá viðkomandi: háskóla /stofnunar /fyrirtækis sem hefur í för með sér tíma- og kostnaðarsparnað

## Aðferðafræði (5%)

| Ófullnægjandi | Viðunandi | Gott | | Framúrskarandi | |
|---|---|---|---|---|---|
| Aðferðafræði ófullnægjandi | Lítið kemur fram um val á aðferðafræði og/eða greiningu gagna | Fjallað er um val á viðeigandi aðferðum og/eða greiningu gagna | Skilgreining á aðferðafræði og/eða úrvinnsla gagna vel ígrunduð | Aðferðafræði sett fram að ígrunduðu máli, einkennist af þekkingu á viðkomandi sviði og gefur rými fyrir sveigjanleika | Formgerð verkefnis er framúrskarandi og val á aðferðum fellur vel að verkefninu í heild |

**Tengsl (10%)**

| Ófullnægjandi | Viðunandi | Gott | | Framúrskarandi | |
|---|---|---|---|---|---|
| Engin tengsl/ samstarf | Verkefnið stuðlar að auknum tengslum en gildi þess fyrir verkefnið er óverulegt | Verkefnið hefur tengsl milli ólíkra deilda/sviða, skóla og/eða fyrirtækja | Umsækjandi hefur greint skýrt frá tengslum og ávinningur þeirra skýr | Tengsl eru mikil og samlagningar áhrif til staðar og umsækjandi hefur greint skýrt frá þeim | Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum og getur leitt til mikils ávinnings og samstarfs fyrir alla aðila |

- Nemi kynnist starfi á víðtækan máta innan háskóla/stofnunar/fyrirtækis (verkefnið er hluti af stærra verkefni)
- Nemi fær mikla eftirfylgni og ljóst að umsjónarmaður verði til staðar í gegnum verkefnið í heild
- Verkefnið er þverfaglegt, þ.e.a.s. Nemar/umsjónarmenn koma frá ólíkum háskólum/deildum/stofnunum/fyrirtækjum

**Sjálfstæði nemenda (25%)**

| Ófullnægjandi | Viðunandi | Gott | | Framúrskarandi | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ekkert sjálfstæði | Takmarkað sjálfstæði | Talsvert sjálfstæði | Verulegt sjálfstæði | Mikið sjálfstæði | Mjög mikið sjálfstæði |

- Nemandi er með í mótun verkefnis
- Reynir á útsjónarsemi og færni nema
- Nemi kemur að aðferðafræði verkefnis
- Nemi fær að túlka gögn og framsetningu þeirra
- Nemi öðlast aukna færni sem nýtist í áframhaldandi námi/á vinnumarkaði

**Verkáætlun (10%)**

| Ófullnægjandi | Viðunandi | Gott | | Framúrskarandi | |
|---|---|---|---|---|---|
| Verkáætlun ófullnægjandi | Litlar líkur á að áætlun gangi upp (dæmi: óljós, ætlast til of mikils af nema/um) | Verkáætlun til staðar en er verulega gróf og tekur ekki á mögulegum áskorunum sem geta komið upp við framkvæmd verkefnisins | Verkáætlun er raunhæf og skýr, skipulag á verkefni og umsjón til staðar | Verkáætlun er vel ígrunduðu og það er horft til helstu áskorana sem geta komið upp í framkvæmd verkefnisins | Verkáætlun er til fyrirmyndar Greining og möguleg úrvinnsla óvissuþátta verkefnisins framúrskarandi |

- Hlutverk þátttakanda skýr og afmörkuð
- Verkáætlun er skýr, raunhæf og framkvæmanleg
- Er líklegt að verkefninu verði lokið á tilskildum tíma